

Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala

REGLUR

um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum Barnaverndarnefndar Borgarfjarðar og Dala.

I. Almenn

1. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Starfsmenn félagsmálanefndar Borgarbyggðar og starfsmenn félagsmálanefndar Hvalfjarðarsveitar eru starfsmenn barnaverndarnefndar Borgarfjarðar og Dala. Starfsstöðvar eru í ráðhúsi Borgarbyggðar þar sem sinnt er málum úr Borgarfirði norðan Skarðsheiðar og Dalabyggð og á skrifstofu starfsmanns félagsmálanefndar Hvalfjarðarsveitar þar sem sinnt er málum úr Hvalfjarðarsveit. Starfsmenn kanna og fara með einstök barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum og eftir frekari ákvörðun nefndarinnar hverju sinni. Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

II. Um starfsmenn barnaverndarnefndar

3. gr.

Starfsmenn, sem vinna að einstökum barnaverndarmálum, skulu hafa lokið prófi í félagsráðgjöf, sálarfræði eða öðru sambærilegu námi.

4. gr.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gilda reglur stjórnslulaga.

5. gr.

Starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfni hans, skal án tafar gera formanni nefndarinnar grein fyrir þeim. Barnaverndarnefnd tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður kemur að vinnslu málsins eða ekki.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar.

6. gr.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma. Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál.

Starfsmenn mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísari í starfa sínum um einkamál manna eða heimilisháttu.

III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum

7. gr.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna. Skulu þeir gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta. Starfsmenn skulu þegar við á vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

8. gr.

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns sbr. 31. gr. barnaverndarlaga en skal hafa samráð við formann ef unnt er.

9. gr.

Nú fær starfsmaður tilkynningu eða upplýsingar um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barnins og skal hann þá taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Starfsmaður skal tilkynna foreldrum að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal starfsmaður þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla barns eða annarar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn. Ef grunur leikur á að framið hafi verið kynferðisbrot gegn barni skal starfsmaður leggja fram kæru til lögreglu..

Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

11. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um meðferð máls. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á og í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Skal áætlun markaður ákveðinn tími.

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður einhliða semja áætlun um framvindu máls.

Ef barnaverndarnefnd tekur við umsjá eða forsjá barns skal starfsmaður semja skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

12. gr.

Starfsmaður tekur á móti ábendingum um að atferli manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn sé stórlega ábótavant og tekur ákvörðun um könnun málsins ef tilefni er til. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi aðila og vinnuveitanda hans ef við á.

Leiði könnun í ljós að úrbóta sé þörf, skal unnin áætlun þar að lútandi. Ef ekki tekst samvinna um gerð og framkvæmd áætlunar skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd.

13. gr.

Þegar samin hefur verið einhliða áætlun um framvindu máls eða þegar um alvarlegt barnaverndarmál er að ræða, skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.

Leggi starfsmaður mál fyrir nefndina skal það gert með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

14. gr.

Áður en mál er lagt fyrir barnaverndarnefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum eða forráðamanni barns að málið verði lagt fyrir nefndina.

Starfsmaður skal afhenda aðilum greinargerð, áætlun og önnur gögn málsins.

Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns, að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinna gagna, þar til barnaverndarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni.

15. gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kærueimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kærú.

IV. Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála.

16. gr.

Óski Dómsmálaráðuneyti, dómari eða sýslumaður, þegar við á, eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en forsjár- eða umgengnismáli er ráðið til lykta, skulu starfsmenn annast könnun málsins.

17. gr.

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra til að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð.

Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

18. gr.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

19. gr.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns.

Þá skal málið unnið í náinni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd/félagsmálanefnd ef því er til að dreifa.

V. Aðrar umsagnir

20. gr.

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir barnaverndarnefnd. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

VI. Gildistaka

21. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu Barnaverndarnefndar Borgarfjarðar og Dala.

Samþykkt á fundi barnaverndarnefndar Borgarfjarðar og Dala 12. mars 2007.